



Stjórn SSH 336. fundur

Mánudaginn 8. júní 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Jónmundur Guðmarsson, Gunnar Einarsson, Gunnar I Birgisson, Sigurður Magnússon, Lúðvík Geirsson og Sigurbjörn Hjaltason.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Vegamál á höfuðborgarsvæðinu

Á fundinn mættu undir þessum lið Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri og Magnús Ó Einarsson deildarstjóri.

Fulltrúar Vegagerðarinnar gerður grein fyrir helstu verkefnum og framkvæmdum við þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu. Rætt var um fjárveitingar til vegamála á höfuðborgarsvæðinu, fyrirhugaðan flutning hluta þjóðvega yfir til sveitarfélaganna sbr. vegaskrá sem gefin var út 1. janúar sl., uppgjör á milli Vegagerðar og sveitarfélaga vegna þessarar yfirfærslu og tekjur ríkissjóðs af umferð á þessum vegum. Ennfremur var rætt um lagningu göngu og hjólreiðastíga meðfram þjóðvegum í þéttbýli, hreinsun og snyrtingu o.fl.

2. Stöðvunarbrot – tillaga að samræmdu fyrirkomulagi

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra varðandi samræmt fyrirkomulag á framkvæmd og úrvinnslu vegna stöðvunarbrot, sbr. 108. grein umferðarlaga.

Eftirfarandi var samþykkt:

„Stjórn SSH leggur til við aðildarsveitarfélög sín (að Reykjavíkurborg frátalinni) að Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu verði falið að annast meðferð stöðvunarbrot samkvæmt ákvæðum 108 greinar umferðarlaga, þ.m.t. álagningu og innheimtu gjalds vegna slíkra brota sem renna mun til ríkissjóðs.



Í því skyni mun lögreglan fara þess á leit við samgönguráðherra að gefin verði út ný gjaldskrá sem annað hvort verði í fullu samræmi við þá gjaldskrá sem þegar gildir vegna gjaldfjárhæða og álagningu gjalda á starfssvæði Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar, eða að öðrum kosti verði unnið að gerð einnar heildstæðrar gjaldskrár í samstarfi ráðuneytis, Reykjavíkurborgar og lögreglu, sem gildi þá á öllu höfuðborgarsvæðinu.“

3. Önnur mál

- a) Tilkynning um opna daga Evrópusambandsins í Brüssel 5. – 8. október 2009.

Stjórnin telur rétt að framkvæmdastjóri taki þátt.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50